

BORGARRÁÐ 12. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um viðbragðsáætlun vegna lokunar góðgerðarfélaganna sem sjá um matarúthlutanir - R20030111

Í ljósi þess að kórónaveiran/COVID-19 hefur víðtæk áhrif á ýmsa starfsemi er nauðsynlegt að bregðast við. Borgarráð samþykkir að vinna með viðeigandi aðilum að því að setja fram viðbragðsáætlun sem nær utan um þá sem munu hljóta skaða af lokun góðgerðarstarfsemi sem sér um matarúthlutanir til þeirra sem búa við bág efnahagsleg kjör. Nýlega greindi Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur frá því að hafa lokað tímabundið vegna COVID-19. Margir reiða sig algjörlega á mataraðstoð frá Mæðrastyrksnefnd og öðrum góðgerðarstofnunum þar sem sjálfbóðaliðar halda uppi starfseminni. Stjórnvöld; sveitarfélögin og ríkið verða að setja fram viðbrögð sem tryggja að enginn verði án matar þó svo að góðgerðarstofnanir loki vegna COVID-19. Það er ekki hægt að ætlast til þess að sjálfbóðaliðar sjái um að veita þá þjónustu sem margir treysta á til þess að geta borðað út mánuðinn. Ábyrgðin er stjórnvalda og það er þeirra að tryggja að fólk í viðkvæmri stöðu þurfi ekki að líða skort. Lagt er til þess að Reykjavíkurborg vinni með þeim sem kunna að eiga hlut í málinu og leiti t.a.m. til sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að aðgerðir sem þjóni þessum aðilum komi strax til framkvæmda. Í greinargerð er fjallað um mögulegar útfærslur tillögunnar.

Greinargerð:

Viðbragðsáætlun er sett fram til þess að skipuleggja og samræma aðgerðir í kjölfar aðsteðjandi hættu og erfiðra aðstæðna sem kunna að koma upp í kjölfarið.

Kórónaveiran/COVID-19 hefur áhrif á ýmsa starfsemi og þar með talið góðgerðastarfsemi þar sem Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur tilkynnti nýlega að það yrði lokað tímabundið hjá þeim vegna veirunnar. Það er stjórnvalda að bregðast við því hvernig skuli tryggja að fólk í viðkvæmri stöðu verði ekki fyrir barðinu á áhrifum veirunnar en margir treysta algjörlega á matarúthlutanir frá góðgerðarstofnunum til þess að gera borðað út mánuðinn.

Ríkið og sveitarfélögin þurfa að grípa hér inn í. Því er lagt til að borgarráð leiti til viðeigandi aðila og vinni strax að því að setja fram viðbragðsáætlun til að tryggja að enginn verði án matar vegna tímabundinna lokunar góðgerðarstofnanna sem sjá um að veita matarúthlutanir. Hér er lagt til að Reykjavíkurborg vinni með ríkinu og öðrum sveitarfélögum að viðbragðsáætlun til að tryggja að enginn verði án matar þó svo að góðgerðarstofnanir loki í kjölfar kórónaveirunnar.

Leiðir stjórnvalda til að bregðast við gætu verið eftirfarandi: a) Að stjórnvöld veiti aukið fjármagn til góðgerðarstofnanna til þess að kaupa inneignarkort í verslunum fyrir umrædda einstaklinga og fjölskyldur. Auðveldara er úthluta slíkum kortum en matarpokum og slíkt má jafnvel afgreiða í gegnum netið í mörgum tilfellum. b) Að aðrir gangi í störf sjálfbóðaliðanna tímabundið. c) Að veita ákveðna aukafjárveitingu til félaganna svo að þau geti m.a. greitt laun og haft opið treysti þau sér til þess. Mikilvægt er að útfærsla verði unnin í samvinnu við félögin sem koma að matarúthlutun og þá sem eiga í hlut.